



Alþingi
Erindi nr. P 138/2855
komudagur 18.6.2010

Reykjavík 18. júní 2010

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd


Varðar: Þskj. 921 – 532. mál

Frumvarp til laga um þjóðfána Íslands

Umsögn frá Útflutningsráði Íslands

Útflutningsráð Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þjóðfána Íslands. Með breytingum á lögnum um þjóðfánann nr. 67/1998 var opnað á þá möguleika að íslensk fyrirtæki gætu, að uppfylltum vissum gæðaskilyrðum, notað fánann til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu m.a. til notkunar í vörumerki, auglýsingar og á umbúðir. Af ýmsum ástæðum reyndist torsótt að móta þessi gæðaskilyrði og reyndi því aldrei á framkvæmd laganna. Nú hafa þessir annmarkar verið lagfærðir og öll notkun fánans í viðskiptalegum tilgangi gerð aðgengilegri en áður.

Með vinsemd og virðingu



Jón Ásbergsson

framkvæmdastjóri